

6. Fundur hverfisráðs Sandvíkurhrepps haldinn 9. Mars 2021 kl. 16:30 að Eyravegi 27

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir

María Hauksdóttir

Oddur Hafsteinsson

Anna Valgerður Sigurðardóttir

Jónína B. Birgisdóttir, varamaður

Arna Ýr Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson frá sveitarfélaginu

Páll Sigurðsson boðar forföll

1.

Skólaakstur

Greint var frá óánægju íbúa í austursveitinni með skólaakstur. Skólabíllinn kemur núna kl. 7:15 á fyrsta bæ við Votmúlaveg, en áður kom hann kl. 7:30, þessi breyting veldur því að færri nota skólabíllinn á morgnana en áður. Hverfisráð telur óásættanlegt að börn sem búa í bakgarði skólans þurfi að vera komin í skólabíllinn næstum einni klukkustund áður en skóli hefs. Hverfisráð fer fram á að þetta verklag verði tekið til endurskoðunar og lagfært tafarlaust.

2.

Öryggismyndavélar

Í bréfi sent í júní 2020 var óskað eftir öryggismyndavélum inn í Tjarnabyggð og við Smjördali í hverfisráði, vegna ítrekaðra innbrota og óeðlilegrar umferðar um byggðina. Málið var afgreitt frá bæjarráði og vísað til framkvæmdasviðs. Hverfisráð vill ítreka að þetta mál komist í framkvæmd.

3.

Grenndarstöð

Þetta mál var áður tekið fyrir í ráðinu þann 12. Mars 2020. Fyrir fundinum liggur tillaga frá sveitarfélaginu að því að setja upp grenndarstöð á gatnamótum Tjarnarbrautar, Suðurgötu og Norðurgötu í Tjarnabyggð. Hverfisráð tekur vel í ernindið en leggur til að grenndarstöðin verði staðsett á plani við strætóskýli. Að setja hana niður við hlið reiðvegjar og á gatnamótum þar sem eru engin bílastæði getur skapað mikla hættu. Einnig óskar hverfisráð eftir því að fundinn verði hentugur staður fyrir aðra grenndarstöð við Votmúlaveg.

4.

Göngu- og hjólastígur með Eyrabakkavegi og reiðvegur í Tjarnabyggð

Lögð var fram teikning sem sýnir legu stígsins, en fyllt verður upp í skurð með Eyrabakkavegi og stígur lagður ofan á. Hverfisráð fagnar þessari niðurstöðu og vonast til að framkvæmdir hefjist sem fyrst. Einnig mælumst við til að malbikað verði alla leið að Tjarnabyggðarafleggjara í þessum áfanga.

5.

Erindi frá bygginganefnd v/ Norðurgötu 11, í Tjarnabyggð

Margrét K. Erlingsdóttur vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Hverfisráð tekur ekki afstöðu til málsins, en bendir á að farið verði eftir gildandi deiliskipulagi.

6.

Deiliskipulag Tjarnabyggðar

Tjarnabyggð er sveit í bæ samkvæmt skipulagi, íbúabyggð, þar sem má stunda léttan iðnað og halda húsdýr. Á allra síðustu árum hafa lóðir víða í byggðinni verið notaðar sem einhverskonar geymslusvæði fyrir gáma, númerslausa bíla, steypubrot og margt fleira sem ekki á heima á þessu svæði samkvæmt skipulagi. Íbúar hafa lýst yfir áhyggjum við hverfisráð og sveitarfélagið um í hvað sé stefnt og þeim virðist að í byggðinni sé nær hvað sem er leyfilegt og að eftirliti sé verulega ábótavant. Geymslugámar og smáhýsi hafa verið sett niður utan byggingareits án leyfis, rusli og steypubrotum sturtað inn á lóðir, svo eitthvað sé nefnt. Hverfisráð hvetur ráðamenn sveitarfélafsins til að hafa eftirlit með byggðinni og sjá til þess að farið sé eftir gildandi deiliskipulagi hennar.

7.

Önnur mál

1. Vakni athygli á brotinni rúðu í strætóskýli. Óskað er eftir lagfæringu nú þegar.
2. Vakni athygli á því að elsti hluti Votmúlavegar austan megin þarfnist lagfæringar
3. Á fundi 17.9.2020 benti hverfisráð á nauðsyn þess að hefja undirbúning að gerð göngu- og hjólastígs meðfram Votmúlavegi. Ráðið ítrekar þessa ábendingu telur það nauðsynlegt vegna aukinnar bílaumferðar á veginum vegna þéttingu byggðar í sveitinni.

Fundi slitið kl.18:00